



Flateyri 2. maí 2017.

Ágæti bæjarstjóri Gísli Halldór.

Við nemendur í 5.-9. bekk Grunnskóla Önundarfjarðar erum í vandræðum með tímasetningar á rútunum sem fara til Ísafjarðar á virkum dögum.

Í dag fer rútan kl. 13.00 til Ísafjarðar og er þá ekki komin fyrr en kl. 13.30. Þá erum við reyndar ennþá í skólanum svo við getum ekki nýtt okkur þá ferð. Næsta ferð er klukkan 16:40 og erum við þá komin til Ísafjarðar kl. 17.10. Þá er of seint fyrir þá sem ætla sér að taka þátt í íþróttastarfi og/eða öðrum tómstundum sem bjóðast á Ísafirði. Sú rúta fer síðan til baka kl. 18.00 svo við höfum þá bara 40 mínútur til þess að vera á Ísafirði.

Ef við viljum komast í bankann sem er bara opinn til kl. 16.00, á virkum dögum, þá gefur bað augaleið að við getum ekki nýtt okkur þjónustu hans. ☺

Við höfum heyrт að breytingar eigi að eiga sér stað á rútukerfinu og þætti okkur gott ef við yrðum spurð hvaða tímasetning myndi henta okkur, krökkunum á Flateyri, til þess að við getum nýtt okkur sem best rútuferðir á Ísafjörð.

Með vinsemd og virðingu,

Nemendur Grunnskóla Önundarfjarðar

Björgvina Lindjónsdóttir
ÍVAR HF afnÁgússon

Hinrikjón Bergsson
Mati Véðis Ósk Ænundardóttir

Mathildur Grða Bergsdóttir

Magnolia B. & S. *Pomona* Daffy
B. V. N. A. millions *Lilac*

Birna mjölljónsdóttir

Einar Arnalds Kristjánsson!

Karen Þrífagusmunds dóttir